

Hlíf Sigurjónsdóttir furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto and the Banff School of Fine Arts in Canada. During her studies she met some of the most respected musicians of last century, including William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci and Igor Oistrach. Her last teacher was the late violin virtuoso Gerald Beal in New York. She has performed extensively as a soloist and a chamber musician. Her major performances last year were at the Carnegie, Weill Recital Hall and in Washington DC, as a part of the Embassy Series. Besides performing, she is giving private lessons in Reykjavík and NYC, masterclasses in Spain, and currently she is recording J.S. Bach's Sonatas and Partitas for CDs which will be released next winter.

Robert La Rue, cello, studied at The Curtis Institute of Music, The New England Conservatory, the Juilliard School and Indiana University. In 1992 he was a First Prize Winner of the National Society of Arts and Letters Cello Competition, selected by a jury chaired by Mstislav Rostropovitch. La Rue has appeared as a soloist with e.g. the American Symphony Orchestra and the Symphony Orchestra of Phoenix, Seattle and Denver. He has been heard as a chamber musician in many of America's principal concert halls and has made numerous recordings for the Arsis label and a CD of 20th century compositions for solo cello is in production for North Branch Records.

Pianist **Adrienne Kim** is much sought after as a performer and has appeared as a soloist with several orchestras including Central Philharmonic Orchestra of Beijing, the Orquesta Sinfonica Nacional de Mexico, the Portland Chamber Orchestra, and the Richmond Orchestra. In 1998, Ms. Kim was one of five musicians selected to join Chamber Music Society Two, The Chamber Music Society of Lincoln Center's residency program for emerging young artists. Her recording with Lisa Tipton violinist performing Violin Sonatas by Charles Ives will be released on CD this spring.

Signý Sæmundsdóttir, soprano, studied violin and singing in Iceland and later singing at The Vienna Hochschule für Musik, concentrating on opera, Lied, and church music. Her teachers included Helene Karusso and Erik Werba.

Sæmundsdóttir has long been a prominent musician in the Icelandic music life. She has performed with the Iceland Symphony Orchestra, the Icelandic Opera and the National Theatre and has recorded for radio and number of CDs. Her interest in contemporary music has inspired composers to write music especially for her. Sæmundsdóttir has been a guest artist at many music festivals, both in Iceland and abroad.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Gruppo Atlantico

Hlíf Sigurjónsdóttir
Robert La Rue
Adrienne Kim

ásamt

Signýju Sæmundsdóttur sópran



Þriðjudaginn 31. ágúst 2004 kl. 20:30

Hlíf Sigurjónsdóttir stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og síðar sótti hún tíma hjá Gerald Beal í New York. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum síðustu aldar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum og haldið fjölda einleikstónleika. Helstu tónleikar liðins árs voru í Weill sal Carnegie Hall og í Washington borg, í röðinni *The Embassy Series*. Hún vinnur nú einnig að upptökum á öllum einleiksverkum J.S. Bach fyrir fiðlu sem koma mun út í vetur. Hlíf er eftirsóttur kennari, hefur haldið námskeið á Spáni og kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Robert La Rue nam við tónlistarháskólana The Curtis Institute of Music, The New England Conservatory, Juilliard skólann og við Háskólann í Indiana. Árið 1992 hlaut hann fyrstu verðlaun í sellókeppni þar sem formaður dómnefndar var Mstislav Rostropovitch. Síðan þá hefur hann leikið einleik með helstu sinfóníuhljómsveitum Bandaríkjanna og komið fram sem einleikari, eða í kammerflutningi, í mörgum af merkustu tónleikasölum Bandaríkjanna. Robert hefur hljóðritað fjölda diska fyrir Arsis. Hljóðritun með flutningi hans á 20. aldar einleiksverkum fyrir selló verður brátt gefinn út af North Branch Records.

Adrienne Kim stundaði framhaldsnám við Háskólann í Indiana og síðar Manhattan School of Music hjá Menahem Pressler og Leon Fleisher. Hún er eftirsóttur píanóleikari og hefur haldið einleikstónleika í öllum helstu tónleikasölum Bandaríkjanna og spilað einleik með mörgum hljómsveitum, þar á meðal Fílharmoníuhljómsveitinni í Beijing, Þjóðarhljómsveitinni í Mexíkó, Kammer-sveitinni í Portland og Háskólahljómsveitinni í Richmond. Geisladiskur með leik hennar og fiðluleikarans Lisa Tipton á fiðlusónötum eftir Charles Ives kemur út næsta vor.

Signý Sæmundsdóttir, sópransöngkona, stundaði hljóðfæra- og söngnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og Kópavogi og síðar framhaldsnám í söng við Tónlistarháskólann í Vín. Þar lagði hún jöfnum höndum stund á óperu-, ljóða- og kirkjutónlist. Helstu kennarar hennar voru Helene Karusso og Eric Werba.

Signý hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi, sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, tekið þátt í uppfærslum Íslensku Óperunnar og Þjóðleikhússins og sungið fyrir fjölmargar upptökur útvarps og sjónvarps og fyrir hljómplötur. Signý hefur flutt mikið af samtímatónlist, meðal annars ýmis verk sem hafa verið samin fyrir hana. Hún hefur verið gestur á fjölmörgum tónlistarhátíðum, hérlendis og erlendis.

Efnisskrá

Joseph Haydn
1732 – 1809

Píanótrío í G dúr, Hob: XV 25
Andante
Poco Adagio
Rondo all'Ongarese

Hjálmar Helgi Ragnarsson
f. 1952

Vocalise 1998
fyrir sópran, fiðlu og píanó

Inessa Zaretsky

Impressions for Cello 2004
Frumflutt af Robert La Rue í New York borg í apríl 2004

Johannes Brahms
1833 – 1897

Píanótrío nr. 1 í H dúr op. 8
Allegro
Scherzo: Allegro molto
Adagio
Allegro